


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ENS102 - Fjarnám Vorönn 2014	
Síða 1 af 3		

Kennari	Ómar Kristinsson	Sk.st.	ÓKR
----------------	------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í beinu framhaldi af námi í grunnskóla eru undirstöðuatriði enskrar málfræði, sérstaklega þau atriði sem reynast íslenskum nemendum erfið, rifjuð upp í efnislegu samhengi við aðra þætti námsins. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda. Skriflegi þátturinn þjálfður með fjölbreyttum æfingum í tengslum við þá efnisflokk sem unnið er með. Kennslan fer öll fram í gegnum tölvu. Allir lestextar, æfingar og annað sem nemendur þurfa að skoða verður sett á Moodle-vefumhverfi. Nemendur þurfa að hafa vefskoðara, t.d. Internet Explorer, Google Chrome eða Mozilla Firefox.

Markmið:

Að nemandi:

- ráði við mismunandi lestrarlag eftir aðstæðum
- geti lesið margvíslega texta, t.d. óstytta bókmenntatexta
- geti tekið þátt í almennum samræðum á ensku
- hafi vald á helstu málfræðiatríðum enskrar tungu og geti nýtt sér þau í skapandi ritun þar sem vald á skipulagningu texta kemur einnig fram

Námsgögn:


Engin kennslubók er í áfanganum.
Leskaflar með ýmsum gagnvirkum æfingum - á Moodle
Ensk málfræði - á Moodle
Smásögur - á Moodle

Áætlun um yfirferð:

Námsefni annarinnar er skipt í 12 vikur. Opnað er fyrir námsefni einu sinni í viku (að öllu jöfnu alltaf sama dag vikunnar) þar sem greint er frá því hvaða efni skuli unnið og hvernig. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því, að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Dragist skil fram yfir þann tíma, án þess að fullnægjandi skýring sé gefin, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

Próf:

Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þessa að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til Verkmenntaskólans á Akureyri. Kennari nemandans gerir

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	ENS102 - Fjarnám Vorönn 2014	

nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemandi í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Verkefni:


Vika	Lestextar	Málfræði	Annað
1	Champagne Balloon Flights	Nútið	Málnotkun
2	Aiming for Gold	Þátíð	Málnotkun / hlustun
3	Alien	Nútið og þátíð	Málnotkun / Þýðing 1
4	The Perfect Flatmate	Spurningar	Málnotkun / smásaga / hlustun
5	Flatmates	Spurningar/Endaspurningar	Málnotkun / ritun
6	A Load of Old Rubbish? / The Greenhouse Effect	Sambandssagnir	Hlustun
7	Waiter for a Week	Greinar / nafnorð	Málnotkun / Þýðing 2
8	From England to the Sudan / A Hard Act to Swallow	Fornöfn	Smásaga
9	Owning a Husky	Fornöfn / forsetningar	Málnotkun
10	Scruff Justice	Lýsingarorð / atviksorð	Ritun
11	Crimes Against Property	Lýsingarorð / óreglulegar sagnir	Smásaga
12	Lightning Strikes	Upprifjun	Málnotkun / hlustun

Námsmat og vægi námsþátta:

Á önninni fá nemendur eina vetrareinkunn samkvæmt skólareglum. Samsetningu vetrareinkunnar sem og lokaeinkunnar í áfanganum má sjá í töflunni hér að neðan.

Námshluti	Vægi
Smásagnaverkefni (3 sögur)	15% (5% hvert)
Textaverkefni, málfræði, orðaforði, málnotkun og annað	15% (jafnt vægi)
Ritunarverkefni / Þýðingar (4)	12% (3% hvert)
Hlustun (4)	8% (2% hvert)
Samtals ofangreint (vetrareinkunn)	= 50%
Lokapróf	50%

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	ENS102 - Fjarnám Vorönn 2014	

prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema að nemandi nái einkunninni 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

Réttur til breytinga er áskilinn. Verði þær, verður gerð grein fyrir þeim í bréfi til nemenda.

Dagsetning: 28. janúar 2014

Undirritun kennara

Sigrún H. Sýrðsson
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

